



Stefna leikskólans Álfheiði um mál og læsi





Inngangur

Læsi, í víðum skilningi þess orðs, er mikilvægur þáttur samskipta og felur í sér að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla. Hér er átt við talmál, myndmál, ritmál, tölur og önnur kerfi tákna sem hjálpa börnum að lesa í umhverfi sitt og nota tungumálið á fjölbreyttan hátt.

Mál, læsi og lestrarhæfni er viðfangsefni allra barna og mikilvægt samfélagslegt verkefni. Börn fá í vöggugjöf hæfileikann til þess að læra tungumál. Hversu vel hann nýtist fer eftir því hversu mikla og fjölbreytta málörvun þau fá í uppvexti sínum. **Snemmtæk íhlutun** (að leitast við að hafa áhrif á þroskaframvindu barna með markvissum aðgerðum eins snemma og unnt er á lífsleiðinni), er forsenda þess að efla börn á fyrstu stigum læsissnáms og koma í veg fyrir námserfiðleika og neikvæða upplifun af skólagöngu seinna meir. Framtíðarsýn skólasamfélagsins miðar að því að efla málþroska barna og styrkja getu og leikni þeirra í lestri og lesskilningi. Hver leik- og grunnskóli hefur sín sérkenni og mótar eigin aðferðir til þess að ná markmiðum í stefnu Kópavogsbæjar um mál og læsi. Þannig skilum við nemendum okkar vel undirbúnum fyrir áframhaldandi nám, líf og leik í nútíma samfélagi.

Mikilvægt er að **tryggja stöðu íslenskrar tungu** í skólakerfinu. Það er hlutverk leikskólans að öll börn fái góðar mál fyrirmyndir og stöðuga markvissa málörvun í daglegu skólastarfi. Markmiðið er að öll börn nái aldurstengdum viðmiðum í íslensku og virku fjöltyngi (Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi, 2020).

Stefna Kópavogs um mál og læsi gerir ráð fyrir að unnið sé út frá fimm grunnþáttum lestrar: Hljóðkerfis- og hljóðvitund, lesfimi, lesskilningi, hljóðrænni umskráningu og orðaforða. Framkvæmd stefnunnar byggir á að allt skólasamfélagið og foreldrar í Kópavogi taki höndum saman um að bæta árangur barna í lestri.

Stefna Álfaheiði um mál og læsi

Stefna leikskólans Álfaheiði byggir m.a. á *aðalnámskrá leikskóla, stefnu Kópavogsbæjar um mál og læsi* og *Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi* (2020).

Leikskólinn tók jafnframt þátt í þróunarverkefni (2016-2018) á vegum sveitarfélagsins um gerð handbókar varðandi snemmtæka íhlutun í málþroska barna, undir handleiðslu Ásthildar B. Snorradóttur talmeinafræðings. Stefna leikskólans Álfaheiði um mál og læsi var fyrst gefin út árið 2018 og endurútgefin í nóvember 2025.

Lífsmennt og læsi í öllu daglegu starfi

Börn læra best þegar þeim líður vel. Álfabeiði vinnur í anda námsefnisins Lífsmenntar sem byggir á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og beinir athygli barnanna að jákvæðum lífsgildum. Álfabeiði leggur sérstaka áherslu á eftirfarandi gildi: **virðingu, frið, kærleika, hugrekki, umburðarlyndi, þakklæti, ábyrgð og samvinnu**. Gildunum er fléttað, á fjölbreyttan hátt, inn í allt starf leikskólans með það að markmiði að undirbúa nemendur betur undir lífið. Námsefnið krefst þess að starfsmenn leikskólans tileinki sér gildin, því börn læra best það sem fyrir þeim er haft. Kennarar eru jafnframt hvattir til þess að byggja á ríkri menningararfleið sinni þegar námsefninu og gildunum er fléttað inn í daglegt starf og það hefur Álfabeiði haft að leiðarljósi.

Í leikskólanum læra börn félagslega færni, ný hugtök og fjölbreyttar leiðir til að **tjá tilfinningar sínar, skoðanir og líðan**. Börnin þurfa að tileinka sér reglur, venjur og hefðir sem ríkja í leikskólanum, heima og í samfélaginu. Í leikskólanum fá þau tækifæri og stuðning til að leysa deilur á jákvæðan og friðsamlegan hátt. Sem dæmi um námsefni notum við Litaskrímslið sem er barnabók um tilfinningar og tilfinningalæsi. Bókin er lesin með börnum á öllum aldri. Litaskrímslið hjálpar börnunum að skilja og gera grein fyrir tilfinningum sínum. Með því að læra um tilfinningar þroskast samkennd barnanna gagnvart öðrum og þau læra að þekkja betur eigin tilfinningar.

Frá árinu 2014 höfum við unnið markvisst með **Vináttu**, forvarnarverkefni Barnaheilla, sem byggist á nýjustu rannsóknum á einelti. Gildi og hugmyndafræði vináttuverkefnisins eru samofin öðru starfi leikskólans og bangsinn Blær hjálpar börnunum að eiga jákvæð samskipti. Álfabeiði er einnig **Réttindaskóli** UNICEF og sérstök áhersla er lögð á að raddir barna fái hljómgrunn og börn hafi raunveruleg áhrif á skólastarfið og námsumhverfi sitt, ásamt því að fræðast um réttindi sín og annarra.

Lífsmenntastundir og samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málproska barnanna. Ýmis fræðsla tengd menningu, listum, Barnasáttmálanum, vináttu og gildunum fer þar fram. Lesnar eru sögur, sungið, rímað, klöppuð atkvæði, farið með þulur, farið í leiki, umræður og hugarflugsæfingar. Sem dæmi hjálpar **Lubbi** okkur að vinna markvisst með íslensku málhljóðin, efla hljóðvitund, skilning og orðaforða. Fjallað er um árstíðir, heiti daga, mánaða, veðráttu og tíðarfar. Með hverju gildi eru íhugunaratriði sem eru kveikjan að umræðu í barnahópnum og unnið er áfram með hugmyndir barnanna.

Málrækt fléttast inn í allt starf leikskólans og margvíslegar leiðir eru farnar til að efla málproska barnanna. Námstækifærin eru ótakmörkuð í daglegum athöfnum s.s. í matartíma þar sem lögð er áhersla á almenna borðsiði, kurteisissenjur og skemmtilegar og fræðandi umræður eiga sér stað. Börnin taka jafnframt þátt í undirbúningi og frágangi borðhalds eins og geta þeirra og þroski leyfir. Það er eitt af fjölmörgum tækifærum til þess að kenna börnum m.a. afstöðuhugtök og stærðfræði. *Við setjum glasið fyrir ofan diskinn, hnífurinn fer hægra megin, við hliðina á diskinn, hvað sitja mörg börn við borðið og svo mætti lengi telja.*

Markvissar leiðir í málrækt miðast við aldur og þroska barnanna og fara fram í öllu daglegu starfi, í leik, við lestur, sögugerð, sköpun, upplýsingatækni og hreyfingu, auk þess sem ritmálið er mjög sýnilegt á öllum deildum. Hvert tækifæri er nýtt og orð eru sett á alla hluti



og athafnir. Boðið er upp á fjölbreytt námsumhverfi og unnið markvisst með leiki og námsefni sem örva hljóðkerfis- og málvitund barna.

Í Álfaheiði eru **sögustundir** þar sem lesið er fyrir öll börn í fámennum hópum á hverjum degi og oftast þegar tækifæri gefast. Í Álfaheiði leggjum við áherslu á að ræða við börnin um sögurnar og spyrja þau opinna spurninga sem tengjast lesefninu.

Í Álfaheiði **tölum við íslensku** í leikskólanum og leitast er við að ekki fleiri en einn starfsmaður sem er að læra íslensku, sé starfandi á hverri deild samtímis.

Hlutverk kennara

Starfsfólk leikskólans eru góðar fyrirmyndir sem leitast við að tala skýra og rétta íslensku og nota fjölbreyttan orðaforða, tákn með tali, sjónrænar og hlutbundnar vísbendingar, sem ýta undir og styðja við málþroska barnanna.

Við notum opnar spurningar, lengjum setningar barna og endurtökum leiðrétt það sem barnið segir. Við hvert tækifæri notar starfsfólk sjálfstal og samhliðatal (lýsir því sem viðkomandi kennari og barn er að gera) og setur orð á athafnir, hluti, hugtök og tilfinningar. Mikilvægt er að sýna þolinmæði, gefa barninu tíma til að tjá sig og útskýra orð sem barnið þekkir ekki. Í leikskólanum er lögð áhersla á að börn læri að tjá tilfinningar sínar og temji sér að heilsa, kveðja og þakka fyrir sig. Við lesum vandaðar bækur og námsefni sem hæfir aldri og þroska barnanna og ritmál er sýnilegt í námsumhverfinu. Það er jafnframt mikilvægt hlutverk kennara að kynna sér nýjar rannsóknir og þróa starfshætti í takt við samfélagslegar breytingar og áherslur. Upplýsa foreldra um viðfangsefni barna í leikskólanum og veita þeim ráðgjöf um hvernig örva megi málþroska barna heima.

Hlutverk foreldra

Við upphaf leikskólagöngu barns er lagður hornsteinn að samstarfi foreldra og starfsmanna. Lögð er áhersla á að samstarfið byggi á gagnkvæmum skilningi og virðingu, þar sem umhyggja og velferð barnanna er höfð að leiðarljósi. Samstarf þetta byggir á þeirri forsendu að foreldrar beri meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Þau verkfæri sem foreldrar hafa til að styðja við málþroska og læsi barna sinna eru til dæmis að:

- lesa á hverjum degi og ræða innihald bóka
- leggja orð á hluti, hugtök og athafnir í daglegu lífi
- tala við barnið og bregðast við tjáningu þess, oft á dag, alla daga

Í nóvember ár hvert er **lestrarátak** í tengslum við dag íslenskrar tungu, þar sem börnin fá blað heim þar sem merkt er við þegar lesið er og foreldrar skrifa hvaða bækur eru lesnar. Tveir elstu árgangar skólans skiptast á að fara með **bangsa heim** og foreldrar vinna með börnum sínum verkefni m.a. um vináttu og nokkrar greinar Barnasáttmálans.

Börn með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn

Fjölbreytt tungumál og menning eru auðlind sem við berum virðingu fyrir og viljum kynnst. Við lærum meistari Jakob á fjölda tungumála, kynnumst hvernig við bjóðum góðan dag á



Þeim tungumálum sem börn og starfsfólk leikskólans tala. Við störfum eftir móttökuáætlun barna með annað móðurmál en íslensku og fjöltyngd börn sem hafa þörf fyrir, fá við upphaf leikskólagöngu orðabókina "Orðabókin mín" þar sem foreldrar skrifa við myndir, heiti orða á sínu tungumáli. Við fræðum foreldra um mikilvægi heimamálsins og minnum á að tala við börnin og lesa á sínu tungumáli heima. Við látum foreldra vita hvaða bækur er verið að lesa í skólanum og hvetjum þá til að lesa sömu bækur á sínu tungumáli. Við bendum foreldrum á bókasöfn og fjölmenningardeildir þeirra og nýtum túlkapjónustu í foreldrasamtölum og brúarsmiði ef þess er þörf. Við nýtum rafrænar samskiptabækur og tengjum þannig heimili og skóla, þar sem börn og foreldrar læra íslensku saman. Við hvetjum foreldra til þess að læra íslensku með því að tilkynningar og fréttir til foreldra eru á íslensku, ásamt hlekkjum á þýðingarforrit. Við bendum foreldrum á að útvíkka íslenskt málumhverfi barna sinna með því að:

- horfa á vandað íslenskt barnaefni í sjónvarpi m.a. til að tengjast öðrum börnum
- nýta íslensk öpp sem örva málþroska og færni í íslensku og bendum á ýmsar vefsíður og efni frá brúarsmiðum.
- sækja íþróttaskóla eða aðra tómstundir og hvetjum til samskipta barna utan leikskólans.

Mat og eftirlit

Fjölbreyttar skimanir eru notaðar til að meta málþroska barna í leikskólanum. Markmiðið er að sjá framfarir í daglegu starfi og grípa til viðeigandi ráðstafana ef þurfa þykir. Foreldrar eru upplýstir um framgöngu barnsins síns í foreldrasamtölum. Rætt er um úrræði, hvað foreldrar geta gert og hvaða aðstoð er hægt að sækja. Höfð er samvinna við sérfræðing ef þörf er á.

Eftirfarandi skimunarlistar eru notaðir til þess að skrá og meta málþroska barna í Álfaheiði:

LANIS skimar fyrir málþroska- og framburðarfrávikum barna á aldrinum 2 ára og 11 mánaða til 3 ára og 9 mánaða LANIS-listinn er tvíþættur, ætlaður foreldrum og leikskólastarfsfólki.

TRAS, athugun og skráning á málþroska barna í daglegu starfi, er framkvæmd tvisvar á ári með öllum börnum. 2-5 ára.

EFI-2 málþroskaskimun er framkvæmd með öllum börnum á fjórða ári en þar er verið að meta málskilning og máltjáningu. Foreldrum kynntar niðurstöður og unnið með þá þætti sem með þarf.


HLJÓM-2 er framkvæmd með elstu börnum en þar er verið að kanna hljóðkerfisvitund sem hefur m.a. annars forspárgildi um lestrarfærni. Foreldrar fá skrifleg skil á niðurstöðum ásamt leiðbeiningum um hvernig má styrkja ákveðna þætti.

Þegar grunur er um frávik í málþroska fylla foreldrar barna undir 3 ára út gátlistann **Orðaskil**. Prófinu er ætlað að mæla orðaforða barnanna svo og hvort þau hafa náð valdi á beygingarkerfi og setningagerð málsins. Aldursviðmið fylgja prófinu, en með samanburði við þau er skorið úr um hvort málþroski barna mælist innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra.

Hæfniramma fyrir börn með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn, er nýttur til þess að meta stöðu fjöltyngdra barna í íslensku.

Sé talin þörf á aðkomu stoðþjónustu eru að auki fylltir út aðrir matslistar, sjá handbók leikskólans um snemmtæka íhlutun.

Ferli snemmtækrar íhlutunar og mikilvægi ítarlegra bakgrunnsupplýsinga frá foreldrum





Samvinna við stofnanir og félagasamtök

Náið samstarf er við Álfhólsskóla. Markmið samstarfsins er að nám barna myndi samfellda heild þannig að sú þekking og viðfangsefni sem börnin fást við í leikskólanum verði sá grunnur sem grunnskólanámið byggir á.

Samstarf er við Bókasafn Kópavogs í tengslum við bókaátakið en börnin fara einnig í heimsóknir og á námskeið um meðferð bóka hjá bókasafninu.

Leikskólabörnin sækja önnur menningarhús í Kópavogi og samvinna er meðal annars við Barnaheill, SOS samtökin, Landvernd, Tónlistarskóla Kópavogs o.fl.

Stoðþjónusta menntasviðs Kópavogs veitir þjónustu og ráðgjöf varðandi greiningar á frávikum í málþroska sem og almenna og sértæka málörvun leikskólabarna. Heimsóknir og ráðgjöf frá talmeinafræðingum barna í talþjálfun er unnin í góðri samvinnu við foreldra viðkomandi barna.

Mál og læsisstefna leikskólans Álfheiði var endurmetin af starfsfólki leikskólans á skipulagsdegi þann 12. nóvember 2025.

Ábyrgðaraðilar Anna Rósa Sigurjónsdóttir leikskólastjóri og
Rakel Ýr Isaksen aðstoðarleikskólastjóri